

Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

9. fundur haldinn í Skjólbrekku, miðvikudaginn 20. apríl kl. 13.

Mætt voru:

- Árni Pétur Hilmarsson
- Alma Dröfn Benediktsdóttir
- Arnór Benónýsson
- Helgi Héðinsson, formaður
- Sigríður Hlynur Snæbjörnsson
- Sigurður Böðvarsson
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Sveinn Margeirsson. Vék af fundi kl. 14.
- Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur sameinaðs sveitarfélags
- Róbert Ragnarsson frá KPMG tengdist rafrænt á fundinn og ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Menntasókn í norðri

Lögð fram fundargerð dags. 12. apríl, sem Arnór fór yfir.

Undirbúningsstjórn samþykkir að skipa starfshóp sem hefur formlegt ferli um gerð skólastefnu sameinaðs sveitarfélags, í samræmi við handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um gerð skólastefnu.

Í hópnum verði skólastjórar grunnskólanna, skólameistari framhaldsskólans á Laugum, auk fulltrúa starfsmanna úr hverjum skóla sem skólastjórar tilnefna.

Ölmu er falið að kalla stýrihópinn saman til fyrsta fundar og stýra vinnu hópsins.

Ákveðið hefur verið að eiga fund með öllu starfsfólki skólanna í sameinuðu sveitarfélagi í vor.

2. Heiti á sameinað sveitarfélag

Róbert kynnti niðurstöður rafrænnar skoðanakönnunar sem fór fram á Betraísland á tímabilinu 4. apríl til 19. apríl. Rétt til þátttöku höfðu allir íbúar eldri en 16 ára, eða alls 1.138. Þátt tóku 305 íbúar, eða um 27%. Í ljósi þess hve könnunin var opin yfir langt tímabil og auðvelt var að taka þátt með rafrænum hætti lýsir Undirbúningsstjórn yfir vonbrigðum með þátttökuna.

Atkvæði féllu þannig:

Heiti	Fjöldi atkvæða	Hlutfall
Þingeyjarsveit	185	61%
Suðurþing	75	25%
Goðáþing	25	8%
Laxárþing	18	6%
Auðir	2	1%
Alls	305	100%

Rétt til þátttöku í skoðanakönnun í grunnskólum sveitarfélaganna höfðu 148 nemendur. Alls greiddu 138 nemendur atkvæði, eða 93,2%. Atkvæði féllu þannig:

Heiti	Fjöldi atkvæða	Hlutfall
Þingeyjarsveit	60	43%
Suðurling	19	14%
Goðalping	26	19%
Laxárling	31	22%
Auðir	2	1%
Alls	138	100%

Kannanirnar eru ráðgefandi fyrir nýja sveitarstjórn sem tekur málið til afgreiðslu á grundvelli 5. gr. sveitarstjórnarlaga að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Undirbúningsstjórn þakkar íbúum fyrir þátttökuna og vísar málinu til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags.

3. Staða á verkefnum í starfshópi um stjórnsýslu og fjármál

Dagbjört fór yfir stöðu starfshóps um stjórnsýslu og fjármál. Kennitala hefur verið stofnað fyrir sameinað sveitarfélag og vinna hópsins gengur vel.

Áhersluverkefni næstu vikna eru að undirbúa:

- Samþykkt um kaup og kjör kjörinna fulltrúa
- Stofnun og sameining bókhalds
- Stofnun og sameining launakerfa
- Sameining málaskrár
- Forgangsraða hvaða reglur, stefnur og gjaldskrár ný sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til á fyrstu mánuðum í starfi
- Þarfagreining fyrir vefsíðu er hafin, en lokafrágangur bíður þar til heiti verður staðfest.
- Samningar um félagsþjónustu. Fyrirhugaður er fundur sveitarstjórnanna að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Í starfshópnum hefur verið umræða um samninga sveitarfélaganna við ýmsa aðila, svo sem þjónustusamninga, lóðarleigusamninga og ráðningarsamninga. Undirbúningsstjórn áréttar að sameinað sveitarfélag tekur við öllum ábyrgðum og skyldum eldri sveitarfélaga, en af því leiðir að samningar halda gildi sínu þar til nýjar ákvarðanir eru teknar af nýrri sveitarstjórn.

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 11. maí kl. 13.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.